

1866.

22. ágúst.

fá endurgoldið meira fè, en hann í raun og veru hefir látið vörur af hendi fyrir eða goldið í peningum, og á hann því að borga aptur þá 4 rd. 23 sk., sem hann hefir fengið um of eptir reikningi yðar. Stjórnarráðið fellst þar að auki eptir mála-vöxtum á það, að þá er þér hafið reiknað út renturnar, sem ógoldnar eru af láninu, hafið þér reiknað þær frá 1. aprílmán. 1862, og að þér í reikningnum hafið tilgreint það, sem borgað hefir verið sem borgun uppí rentur þær, sem þá voru komnar í gjalddaga, og því að eins sem borgun uppí höfuðstólinn, að það hafi verið meira en renturnar. Að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðinu hefir ekki fundizt vera tilefni til, eins og málefni þetta er komið enn sem er, að láta yfirskoða reikning þann, sem þér hafið samið, og að vèr vonumst eptir, að þér, þegar þér leiðið reikninginn til lykta, gjörið breytingar þær á honum, sem bréf þetta gefur tilefni til.

Fylgiskjölin, sem þér hafið sent hingað með reikningunum, eru yður send aptur, svo að þér getið notað þau, og vonumst vèr eptir að þér síðan sendið þau hingað aptur.

11. sept.

76. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamt-mannsins yfir Íslandi, um styrk handa lestrarfélagi í Strandar hrepp.

Dómsmálastjórnin hefir afhent kirkju- og kennslustjórninni bænarskrá með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 16. aprílmán. þ. á.; í henni sækja forstöðumenn lestrarfélags nokkurs í Strandar hrepp í Borgarfjarðarsýslu um styrk til að kaupa bækur fyrir. Um það skal yður kunngjört yður til leiðbeiningar og til þess að þér birtið hlutaðeigendum það, að stjórnarráðið getur ekki veitt það; sem sókt hefir verið um.